

# Starfsáætlun

## Skarðshlíðarleikskóla

### 2023 – 2024



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum, áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur .....	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	7
2.1 Matsáætlun skólaárið 2023-24.....	7
2.2 Innra mat leikskólans.....	8
2.2 Húsnæði og lóð.....	9
2.3 Ytra mat.....	9
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál .....	13
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2023.....	13
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	13
4.3 Starfsþróun frá síðasta ári .....	13
Símenntun: .....	14
4.4 Áætlun um starfsþróun í leikskólanum 2023-24 .....	14
5. Aðrar upplýsingar .....	15
5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023.....	15
5.2 Foreldrasamvinna.....	15
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	15
5.4 Almennar upplýsingar .....	16
5.5 Áætlanir.....	16
Fylgirit.....	17
• Matsgögn.....	17
• Leikskóladagatal .....	17
• Umsögn foreldraráðs.....	17
• Annað .....	17



## 1. Inngangur

Skarðshlíðarleikskóli tók til starfa 9. ágúst 2019. Starfsemi skólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum nr. 893/2009, skólustefnu Hafnarfjarðar og á Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Í skólanum er lítið á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins, út frá forsendum þess. Við teljum mikilvægt að hlúa vel að leiknum, skapa honum gott rými jafnt í skipulögðum verkefnum sem og í frjálsum leik. Við nýtum húsnæði leikskólans vel fyrir leik barna með áherslu á að hlusta á raddir þeirra og frelsi til að hafa áhrif á val í leik sínum.

Stefna leikskólans tekur mið af Fjölgreindarkenningu Howard Gardner. Markmiðið er að stuðla að vellíðan barna í leikskólanum og styrkja sjálfsmynd þeirra með því að kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og sjálfstæði sem virkir þátttakendur í öllu leikskólastarfinu. Þekking starfsfólks á hugmyndafræðinni hefur verið að aukast og var unnið út frá henni að einhverju leiti á öllum heimastofum.

Í Skarðshlíðarleikskóla eru unnið eftir Uppbyggingarstefnunni en hún byggir á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Sýn Uppbyggingarstefnunnar er að við séum öll með fimm grunnþarfir sem við þurfum að hafa jafnvægi á svo okkur líði vel. Grunnþarfirnar eru: öryggi, að tilheyra, að hafa áhrif, gleði og frelsi. Uppeldi til ábyrgðar er í senn aðferð og stefnumörkun leikskólans til að stuðla að betri samskiptum og að kenna jafnt börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og styrkja sjálfsmynd þeirra. Þannig viljum við ná að skapa skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, samheldni og umhyggju.

Vorið 2023 vorum við full tilhlökkunar fyrir komandi skólaári og farin að plana ýmis konar innleiðingar á markvissu starfi og samvinnu innan leikskólans. Það breyttist því miður því veturinn einkenndist af faliðunn af starfsfólki, langtímaveikindum og annars konar fjarveru sem varð til þess að alltof oft þurftum við að loka heimastofum part úr degi eða jafnvel allan daginn. Ofan á þetta kom svo breytt vinnufyrirkomulag með tilkomu styttingar vinnuvikunnar sem einfaldaði ekki hlutina, eins frábær kjarabót og þessi hugmynd er. Mikið álag var á starfsfólki og voru stjórnendur nær eingöngu að sinna afleysingum inn á deildum og að sinna stuðningi við börn. Þeir náðu lítið að sinna stjórnlegum skyldum sínum, að hlúa að og sinna starfsfólki sínu og foreldrum, hafa yfirsýn yfir starfið og fleira. Mikið var um starfsmanna breytingar og tókst stjórnendum lítið að aðlaga nýtt starfsfólk og kynna fyrir því starfshætti okkar og áherslur. Þó náðist að halda starfi barnanna sem bestu og var allt gert til að reyna að kom veg fyrir að álagið bitnaði á börnunum.

Þar sem lítið gekk að innleiða það sem við höfðum hugsað okkur að gera seinkum við innleiðingu um ár og förum að fullum krafti í það haustið 2023. Við búum að því sem fyrir var búið að skipuleggja auk þess sem stjórnendur hafa verið að breyta og bæta hugmyndir. Matsþættir næsta skólaárs eru því að mestu þeir sömu og voru settir fyrir skólaárið sem er að ljúka.

Í byrjun sumars 2023 unnu deildarstjórar að því að því að undirbúa innleiðingu Hringekju og breyttu dagsskipulagi. Markmiðið er að auka samvinnu og flæði á milli samliggjandi heimastofa, nýta mannauðinn, auka markvisst starf út frá fjölgreindarkenningunni og ýta undir lýðræðislegt val barna

og sjálfstæði. Stefnt er að því að aukið samvinna verði á milli allra heimastofa fyrst og fremst út af því að við erum einn leikskóli að vinna að sömu markmiðunum en einnig vegna þess að við viljum sjá til þess að öll börn fá svipað nám og áherslur í starfi og njóti mannauðsins sem við búum að.

Áfram munum við vinna markvisst með Uppeldi til ábyrgðar. Stefnt er á að bjóða starfsfólki reglulega á hverju ári upp á fræðslu um út á hvað þessi sýn gengur og hvaða leiðir við viljum fara í agamálum og samskiptum við börn og við hvert annað. Haustið 2022 var farið í sáttmálagerð með starfsfólki og er stefnt að því að gera það einnig með barnahópnum inni á hverri heimastofu fyrir sig haustið 2023.

Samstarfsverkefni leik-, grunn- og tónlistarskólanna í Skarðshlíð gekk ágætlega í vetur. Leikskólinn hefur haft aðgang að íþróttahúsi grunnskólans þar sem hver heimastofa hefur farið að minnsta kosti einu sinni í viku í íþróttir við mikinn fögnuð barnanna. Ellefu nemendur af unglingastigi komu í leikskólaval til okkar einu sinni til tvisvar í viku. Nýr tónlistakennari grunnskólans tók við og breyttust áherslur í samstarfinu örlítið við það. Hann sá áfram um tónlistastundir í leikskólanum og bauð oft börnunum upp í tónlistastofu í tíma sem vakti mikla lukku hjá börnunum. Fáliðun og álag einkenndi starf beggja skóla sem hafði óneitanlega áhrif á samstarfið og drifkraft stjórnenda og starfsfólks. Ekki varð því mikið um nýjungum en stjórnendur hafa hug á því að bæta það á næsta skólaári.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Matsáætlun skólaárið 2023-24

Matspáttur	Hvenær/hve oft metið	Matsaðferð	Þátttakendur í mati
Dagsskipulag	Mánaðarlega á hverri heimastofu og reglulega á deildastjórafundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar.	Eigindleg og skráð í fundargerðir.	Allir starfsmenn
Hringekja og Fjölgreindar kenningin	Deildarstjórar funda reglulega. Metið mánaðarlega á heimastofufundum og reglulega á deildarstjórafundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar.	Eigindleg og skráð í fundargerð. Skráningar um val barna.	Allir starfsmenn og eldri börn leikskólans.
Matstofa	Nefnd fundar eins og þurfa þykir. Reglulega metið á heimastofufundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar.	Eigindleg og skráð í fundargerð.	Allir starfsmenn og eldri börn leikskólans.
Uppeldi til ábyrgðar	Einn starfsmannafund á önn.	Spurningalistar	Allir starfsmenn
Okkar leiðir/Sáttmála gerð	Reglulega metið á hverri heimastofu. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar 2024.	Eiginleg og skráð í fundargerð.	Allir starfsmenn

## 2.2 Innra mat leikskólans

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-23 var áætlað að meta: dagskipulagið, fjölgreindarkenninguna og hringekjuna, matstofu, Uppeldi til ábyrgðar sem og sáttmálagerð og stytting vinnuvikunnar. Allir þættir voru ræddir reglulega yfir skólaárið á skipulagsdögum og á deildarstjóra-, heimastofu- og starfsmannafundum. Því miður var tíð faliðunn í vetur til þess að innleiðing á sumum þáttum og samvinna gekk ekki sem skildi.

- **Dagskipulag** – Vegna faliðunnar náðist ekki að koma samvinnu milli heimastofa nægilega vel á koppinn, sérstaklega á eldri heimastofunum. Það gekk erfiðlega að finna tíma til að samræma dagskipulagið og að kynna hlutverk starfsfólks vel fyrir því. Starfsfólk var einnig gjarnt á að senda öll börn út í einu og vera svo með öll börn inni í einu. Stjórnendur lögðu mikla áherslu á að þessu yrði breytt og það yrði helmingur barna inni og helmingur barna úti fyrir og eftir hádegi. Þegar þetta loks náðist sá fólkið hve mikið auðveldari dagurinn varð og að það var hægt að auka samvinnu milli heimastofa mikið meira. Laut og Lyng áttu auðveldara með samvinnuna, höfðu flest alla daga opið á milli heimastofa þannig að börnin gátu flætt á milli í frjálsum leik um morguninn og seinni partinn. Þau voru með eina sameiginlega hvíld í milli herberginu og eftir hvíld voru sameiginlegar stöðvar í Hreiðri. Af hverju það gekk betur á yngri heimastofunum heldur en eldri skýrist kannski að einhverju leiti af því að þar eru færri börn en einnig vegna þess að starfsfólk eldri heimastofa dreifði sér ekki nægilega vel um rýmin þegar opið var á milli. Starfsfólk telur að efniviður mætti vera fjölbreyttari og rýmin mætti skipuleggja betur. Eins þyrfti það að vera duglegra að sækja efnivið á aðrar heimastofur og auka fjölbreytnina þannig.
- **Hringekja og Fjölgreindarkenningin** – Hringekjan fór ekki af stað eins og til stóð þar sem lykilstarfsmenn vantaði til að framkvæma hana. Deildarstjórar voru mikið frá vegna langtímaveikinda en þeir sáu alfarið um að skipuleggja innleiðinguna á Hringekjunni vorið áður. Þó svo unnið væri ekki markvisst með þætti fjölgreindarkenningarinnar í Hringekju mátti þó sjá vinnu með hana í öllu starfi s.s. vettvangsferðum, ípróttasalnum, listasmiðju og fleira. Starfsfólk er alltaf að verða meðvitaðra um greindirnar og er farið að átta sig á hvaða greind er verið að styrkja í gegnum mismunandi leiki og verkefni.
- **Matstofa** – Við sjáum mikinn ávinning í að vera með hlaðborð þar sem börnin geta verið sjálfstæð og fengið að ráða miklu sjálf. Rennslið hefur gengið vel í morgunmatnum og nónhressingunni. Í hádegismatnum hefur starfsfólk verið frekar vel að sér í hlutverki þess. Við þurfum þó að skoða aðeins hvort það þurfi að breyta skipulaginu eitthvað þar sem fjöldi barna hefur verið aðeins of mikill á sama tíma í matstofunni sem verður til þess að hávaði verður meiri og biðraðir lengri. Starfsfólk á einnig erfiðara að aðstoða börnin, fylla á hlaðborðið og halda hreinu. Það þarf að finna jafnvægi á fjölda barna inn á heimastofum og í matsal og endurskoða kaffitíma starfsfólks í þessu flæði.
- **Uppeldi til ábyrgðar og sáttmálagerð** – Í upphafi árs var fyrsti skipulagsdagurinn nýttur í að rifja upp Uppeldi til ábyrgðar og farið í sáttmálagerð starfsfólks. Sú vinna gekk mjög vel en því miður gafst ekki tími til að klára að setja upp sáttmálann og því varð hann ekki nægilega sýnilegur til að minna starfsfólk á innihald hans. Starfsfólk er þó jafnt og þétt að ná tökum á



að vinna með Uppeldi til ábyrgðar og fleiri farnir að nýta orðræðuna okkar og bækurnar um að fylla fötur.

- **Stytting vinnuviku** – Haustið 2022 var farið af stað með fulla styttingu vinnuvikunnar þ.e. 36 stunda vinnuviku. Hafnarfjarðarbær og Félag leikskólakennara fór af stað með þróunarverkefni um breytt vinnufyrirkomulag sem bauð upp á mjög flotta kjarabót fyrir félagsmenn þess en var keyrt af mjög miklum hraða í leikskólakerfið. Allir aðrir starfsmenn áttu að fara í 36 stunda vinnuviku og fyrir leikskóla eins og okkar sem fyrir var ekki fullmannaður varð þetta mjög flókið. Búið var að skipleggja að á hverjum degi færi starfsmaður af hverri heimastofu í styttingu eftir hádegi en fljótlega sáum við að við gátum ekki misst fjóra starfsmenn úr húsi eftir hádegi á hverjum degi. Því þurftum við að breyta því og tóku flestir starfsmenn styttingu í heilan dag aðra hverja viku. Svo voru að koma fleiri og fleiri breytingar frá Hafnarfjarðarbæ sem auðvelduðu ekki innleiðinguna s.s. aukinn undirbúningstími á deildarstjóra í Hlíf, fleiri félögum bauðst að fara í sama fyrirkomulag og Félag leikskólakennara og annað ósamræmi í skilaboðum og skilning fólks á öllu fyrirkomulaginu. Þetta er þó allt á réttari leið og við erum að ná að samræma á milli leikskóla bæjarins ýmislegt og skilningur fólks á reglum varðandi styttingu er að aukast. Við vonum að næsta haust náist að setja flott fyrirkomulag á svo þessi hugmyndafræði skili sér sem best til starfsfólks og leikskólastarfsins.

## 2.2 Húsnæði og lóð

Starfsmenn leikskólans skipta með sér daglegri úttekt á leikskólalóðinni og eru allar athugasemdir skráðar niður. Á liðnu skólaári voru engar framkvæmdir á lóð leikskólans fyrir utan litlar lagfæringar á sandkassa og körfuboltaspjaldi.

## 2.3 Ytra mat

Á vormánuðum 2023 var lögð fyrir starfsfólk könnun á vegum Hafnarfjarðarbæjar gerð af Skólapúlsinum. Einnig var send út Vinnustaðagreining á vegum Prósent ehf. Fyrir allt starfsfólk Hafnarfjarðar. Svarhlutfall í Starfsmannapúlsins var tæplega 76% og tæplega helmingur starfsmanna svöruðu könnun frá Prósent ehf.

Niðurstöður úr *Skólapúlsinum* sýndu að almennt taldi starfsfólk sig valda vinnu sinni vel og samskipti við börnin væru góð. Starfsfólk átti miferfitt með að sinna stuðningi við börn með sérþarfir og þótti það ekki fá nægar upplýsingar og úrræði til að sinna honum. Einnig kom fram að starfsfólk var óánægt með stuðning leikskólans við börn með sérþarfir. Samstarfi innan leikskólans hafði hrakað mjög frá því í síðustu skoðanakönnun árið 2021 en deildastjórar unnu þó vel saman. Samstarf innan deilda þótti gott. Of fáir töldu sig fá nægilegan undirbúningstíma. Þátttaka í þróunarstarfi og símenntunarþörf var á pari við landsvísu og er áhugi starfsfólks á frekari símenntun mikil sem er mjög jákvætt. Helst þótti þörf á frekari fræðslu á inntaki aðalnámskrár, skráningum og mati á þroska og námi barna og skipulagningu á daglegu starfi. Eins þótti mikil þörf á fræðslu um börn með sérþarfir eða sérstakan stuðning og hegðun barn og samskipti og leikskólastarf í fjölmennningarumhverfi.

Starfsfólk taldi að það helsta sem þurfti að bæta innan leikskólans var að fjölga starfsfólki og þá sérstaklega fagmenntuðum, fækka börnum, minnka þyrfti álag, upplýsingaflæði þyrfti að bæta,

jákvæðni og liðsheld mætti vera betri og auka þyrfti stuðning við börn með sérþarfir. Einnig kom fram að aðgengi þyrfti að vera betra að stjórnendum og að starfsmannasamtöl þyrftu að vera reglulegri. Starfsfólk taldi að það góða við vinnustaðinn væri börnin, samstarfsfólk, stefna skólans, vinnuumhverfið og stjórnendur. Eins taldi það samskipti við foreldra almennt vera góð.

Niðurstöður úr *Vinnustaðagreiningunni* sýndu svart á hvítu að álag hafði verið mikið á starfsfólki þetta skólaárið. Kallað var eftir því að stjórnendur væru meira til staðar fyrir starfsfólk en þeir voru nánast fastir inn á heimastofum og á hlaupum hingað og þangað að slökkva elda. Leikskólinn kom illa út í mörgum þáttum en þó var mjög ánægjulegt að sjá hve hollusta og tryggð við vinnustaðinn var mikil. Starfsfólk vill gera betur og sjá mikil tækifæri í leikskólastarfinu næsta skólaárið.

### **2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats**

Á næsta skólaári verða aldursblanda barnanna frekar óvenjuleg eða 32 börn í 2018 árganginum, 25 í 2019 en einungis 8 börn í 2020 og 8 börn í 2021. Við verðum með færri börn á elstu heimastofunum en elsti og næst elsti árgangurinn verður á þremur heimastofum og eingöngu tveir yngstu árgangana á Laut. Til að tryggja að öll börn á sama aldri fái sömu kennslu og áherslur í starfi er áætlað að vera með teymisvinnu varðandi málörvun en einnig eru deildarstjórar nú þegar búnir að setja upp samræmt dagsskipulag og innan þess eru allar heimastofur að fara í sameiginlega Hringekju. Þá er fyrirhugað að allar heimastofur vinni markvisst með Lubba, Vináttuverkefnið og fleira á milli kl. 9:00 – 10:00 og svo fari helmingur barna í útiveru á meðan hinn helmingurinn fer í Hringekju sem verður á Hrauni, Hóli og í Hreiðri. Þar mun starfsfólk skipta sér niður á stöðvar og vinna markvisst með eina greind á hverri stöð og börnin fá að flæða frjálst um svæðin. Hringekjan endar svo á að börnin taka til og fara svo út og hlaupa leikskóla-Míluna. Eftir hádegi fara svo börnin sem voru í Hringekjunni í útiveru og hin fá að leika í frjálsum leik í flæði á milli tveggja heimastofa. Hvert barn fer í Hringekju tvisvar í viku og tvisvar í útiveru fyrir hádegi. Svona er áætlað að byrja með dagsskipulagi og Hringekjuna a.m.k. fram að áramótum en þá metum við hvernig okkur gengur og hvort við förum að bæta við útsvæðinu í Hringekjuna.

Matstofan er verkefni sem verður að vera í stöðugri endurskoðun. Það sem við ætlum helst að skoða er hvort betra væri að hver heimastofa sendi færri börn í einu að borða í hádeginu svo meira næði skapist, biðraðir myndist síður og starfsmenn hefði betri tíma til að sinna börnunum, fylla á hlaðiborðið og þrifa. Þá þarf að skoða hvernig kaffitímar starfsfólks rúlla en þar sem börnin verða fleiri inni á heimastofunum þyrftu kannski að vera 2 starfsmenn þar á meðan. Til að auka enn frekar sjálfstæði barnanna við hlaðiborðið er búið að skaffa betri áhöld í matinn. Við þurfum einnig að setja upp lampa og seríur til að gera enn notalegra í Hreiðri og vera duglega að vera með róandi tónlist í gangi.

Uppeldi til ábyrgðar er einn af grunnstólþum okkar í starfi og því er mikilvægt að starfsfólk sé mjög vel að sér í því út á hvað þessi stefna gengur. Því höfum við ákveðið að héðan í frá verði alltaf fyrirlestur um stefnuna, okkar leiðir við óæskilegri hegðun og samskiptum barna og fleira fyrsta skipulagsdag á hverju skólaári og aftur léttari upplifanir í janúar. Síðasta skólaár byrjuðum við þannig auk þess sem starfsfólk gerði starfsmannasáttmála. Við ætlum að rifja upp hvernig sú vinna fór fram og svo gerir hver heimastofa sáttmála með börnunum sínum.

Hlutverk starfsfólks og stjórnenda þarf að skilgreina vel og þarf að tryggja það starfsfólk viti til hvaða stjórnanda eigi að leita með öll mál. Aðgengi að stjórnendum sjáum við fram á að verði

mikið betra þegar búið er að manna skólann betur og fækka börnum. Er okkar stærsta von að það verði til að minnka álag á starfsfólk svo það geti notið sín í starfi með börnum og liðið vel í starfi.

Stytting vinnuvikunnar verður endurskoðuð í ágúst og verður líklega farið aftur í að starfsfólk taki hálfan dag í hverri viku og eftir hádegi. Útfærslan verður í höndum styttingarnefndar í samráði við stjórnendur og munu svo deildastjórar halda utan um styttingar innan þeirra heimastofu. Reglur verða settar aftur í samræmi við allar breytingar sem orðið hafa í vetur og verður starfsfólki og þá deildarstjórar sérstaklega meðvitaðir um að samræma verklag og farið séð eftir því.

Starfsfólk leikskólans mun halda áfram daglegu eftirliti með útisvæðinu. Það mun áfram tína upp rusl og nýta tækifæri til að efla umhverfisgreind barna og virkja þau til að láta sér annt um náttúruna, tína rusl og verða þar með umhverfislöggur.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Verkefni: Breytt dagskipulag

Markmið verkefnisins: Að auka samvinnu og flæði á milli heimastofa, gera hlutverk starfsfólks skýrari, nýta mannauðinn, samnýta rými, stækka svæði barna til frjáls leiks og auka fjölbreytni á efnivið og rýmum.

Leiðir að markmiði: Deildarstjórar hafa sett upp samræmt dagskipulag og ætla að setja upp skýr hlutverk starfsfólks. Á næsta skólaári mun starfsfólk funda reglulega um innleiðinguna, hvað megi bæta og breyta, hvað gangi vel og svo framvegis.

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Mánaðarlega á starfsmannafundum og reglulega á deildastjórafundum með eigindlegu mati og skráð í fundargerðir. Á skipulagsdegi í janúar 2024 með megindegum aðferðum (spurningalistar) í bland við eigindlegar (umræða).

2. Verkefni: Hringekja

Markmið verkefnisins: Að vinna markvisst með Fjölgreindarkenningu Gardners. Nýta mannauðinn og efla í markvissu starfi. Auka lýðræði barna þar sem þau fá að flæða nokkuð frjálst um í verkefnum/leik sem þau kjósa sér. Fjölga rýmum sem börnin geta verið í.

Leiðir að markmiði: Helmingur barna af Hrauni, Hóli, Lyngi og Laut fara í Hringekju tvo daga í viku og hinn helmingurinn fer í útiveru. Hringekjan fer fram á Hóli, Hrauni og í Hreiðri og verða tvær greindarstöðvar inni á hvorri heimastofunni og svo líkamsgreind í Hreiðri. Allir starfsmenn hafa ákveðið hlutverk tvo daga í viku, ýmist með verkefni fyrir ákveðna greind, sem aðstoð við börnin eða fara í útiveru með börnunum sem fara ekki í Hringekju þann dag. Starfsmenn halda utan um skráningu yfir hvaða börn koma á þeirra stöð.

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Einu sinni í mánuði á heimastofufundum verða skráningar af stöðvum skoðaðar og metið hvernig stöðvarnar ganga með skráningaformum

og eigindlegum aðferðum sem skráðar eru í fundargerðir. Á skipulagsdegi í janúar 2024 verður ítarlegra mat þar sem fylltir verða út spurningalistar.

### 3. Verkefni: Matstofa

Markmið verkefnisins: Að ýta undir skilning starfsfólks á hugmyndafræði matstofu og kostum hennar, auka sjálfstæði, sjálfsbjörg og val barna og ýta undir lýðræði þeirra. Nýta mannauðinn og auka samvinnu á milli heimastofa.

Leiðir að markmiði: Heimastofurnar munu fækka börnum í matstofu til að minnka hávaða og áreiti. Hver heimastofa skipuleggur hvernig vaktir starfsfólks og kaffitímar þeirra rúlla á meðan á hádegismat stendur þar sem fjöldi barna inni á heimastofum mun verða fleiri. Passa þarf að kynna vel fyrir nýju starfsfólki hugmyndafræðina og hvert þeirra hlutverk er. Einnig er áætlað að skoða hvað megi bæta til að gera Hreiður notalegri t.d. með lýsingu, lömpum, dúkum, blómum og tónlist.

Hver er ábyrgur: Matstofunefnd (einn fulltrúi frá hverri heimastofu auk aðstoðarleikskólastjóra).

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Reglulega á heimastofu- og deildastjórafundum verður metið hvernig gangi og á skipulagsdegi í janúar 2024 verður rýnt nákvæmar með bæði eigindlegri og megindlegri matsaðferðir.

### 4. Verkefni: Uppeldi til ábyrgðar

Markmið verkefnisins: Halda áfram að fræða starfsfólk um Uppeldi til ábyrgðar, okkar leiðir í aga málum og hvernig gera eigi sáttmála með börnum inn á heimastofu sem nýttur er markvisst í samskiptum við börnin og á milli þeirra.

Leiðir að markmiði: Á fyrsta skipulagsdegi haustannar 2023 verður upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar, Okkar leiðum og sáttmálagerð. Í kjölfarið vinnur svo hver heimastofa sáttmála með börnunum.

Hver er ábyrgur: Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á fræðslu og aðstoðar börn og starfsfólk á heimastofum við gerð sáttmálans.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Sáttmálagerðin verður metin á skipulagsdegi í janúar 2024. Heimastofusáttmálar og vinna með að viðhalda þeim verður metið reglulega yfir skólaárið á heimastofufundum.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2023

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1stg	Leikskólakennari /MS í Mannauðs-stjórnun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1 stg.	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	1 stg.	Leikskólakennari
Deildarstjórn	5	4 stg.	1 Leikskólakennari 1 B.ed í leikskólakennarfræðum 1 BA í Kennslu- og uppeldisfræði 1 Nemi í leikskólakennarfræðum 1 Leikskólaskor
Aðstoðarleikskólakennari	1	0,81 stg.	1 Nemi í leikskólakennarfræðum
Háskólamenntaður starfsmaður A	1	0,75 stg.	BA í Kennslu- og uppeldisfræði og grunndiplómu í íslensku sem öðru máli
Háskólamenntaður starfsmaður B	1	1 stg.	MS í Stjórn málafræði og mannauðs-stjórnun
Leiðbeinendur Hlífar	16	15 stg.	Nemar í leikskólakennarfræðum, stúdentspróf og/eða grunnskólapróf

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru seint af stað þar sem leikskólastjóri kom þeim ekki að fyrr en í apríl – júní 2023. Tilgangur þessara samtala er m.a. að heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni, hvernig því gangi í starfi, hvort það vilji efla sig í einhverju og hvað stjórnendur geti gert til að styðja það.

Helstu niðurstöður samtala voru að:

- Draga þurfi úr álagi á starfsfólki með skýrum verkferlum og góðu upplýsingastreymi.
- Efla þurfi samskiptafærni starfsfólks í anda við samskiptasáttmáli sem starfmenn unnu.
- Bæta þurfi dagskipulag og auka flæði.

### 4.3 Starfsþróun frá síðasta ári

- Ragnhildur Vigfúsdóttir, Markþjálfari PCC & Certified Dare to Lead™ Facilitator. Stjórnendafræðsla *Dare to lead* – Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Barnaheill – *Verndarar barna* - Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Fræðsluerindi á vegum samtaka 78 – *Regnbogakrakkar* - Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur og Lone Jensen, uppeldisráðgjafi – Leiðbeinenda- og ráðgjafanámskeiði – *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* – Aðstoðarleikskólastjóri
- Sigrún Kristjánsdóttir. Ráðgjafar og greiningarstöð. *PECS – Myndrænt boðskiptakerfi* – Sérkennslustjóri, deildarstjóri og háskólamenntaður starfsmaður A.

- Fræðsludagur Félags sérkennara – *Málþroski og læsi* – Sérkennslustjóri.
- Þóra Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Vinnuvernd. Skyndihjálparnámskeið – Allir starfsmenn
- Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur. *Málþroski, læsi og leikskólabörn.* – Allir starfsmenn
- Katrín Hildur Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. *Upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar og Okkar leiðir og sáttmálagerð* – Allir starfsmenn
- Katrín Hildur Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. *Aðalnámskrá leikskóla og grunnþættir menntunar.* – Allir starfsmenn
- Elín Helga Björnsdóttir – Barnasáttmálinn Oggi skýring á réttindum barna fyrir börnin – Allir starfsmenn
- Verndari barna- *Forvarnarteymi innan leikskólans og einkenni sem benda til ofbeldis* – Örnámskeið á Teams – Allir starfsmenn
- Samstarf leik- og grunnskóla – *Vallar-læsi* – Fulltrúar stjórnenda úr öllum leik- og grunnskólum á Völlumum.
- Júlíana Vilhjálmsdóttir sérkennslufulltrúi HFJ – *Gerð handbókar um samþættingu reglna og starfslýsinga sérkennslustjóra* – Sérkennslustjóri
- Málstofur í leikskólaunum Stekkjarás – Allir starfsmenn
  - Kristín Hildur Ólafsdóttir, Verkefnastjóri SFS, *Skapandi leikskólastarf.*
  - Sigurbjörg Lára Kristinsdóttir, leikskólakennari, *Hafa börn rödd ef enginn hlustar.*
  - Anna Guðmundsdóttir leikskólakennari, listasmiðjustjóri og Kristín Helgadóttir leikskólastjóri í Lyngheimum. *Starfið í Lyngheimum.*
  - Anna Gréta Guðmundsdóttir listasmiðjustjóri Sæborg, *Fagurfræði og leikskóli.*

#### Símenntun:

- Alls voru fimm starfsmenn nemar í leikskólakennarafræðum, fjórir frá HÍ og einn í HA
- Einn starfsmaður var í meistaranámi í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands.
- Tveir starfsmenn voru í leikskólaliðanámi í Borgarholtsskóla.
- Tveir starfsmenn útskrifuðust með B.ed í leikskólakennarafræðum á vorönn 2023.

#### 4.4 Áætlun um starfsþróun í leikskólanum 2023-24

Starfsfólk leikskólans er hvatt til að sækja sér fjölbreytta endurmenntun sem nýtist í starfi og nýta til þess endurmenntunarsjóði sína hjá stéttarfélögum.

Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

- Uppeldi til ábyrgðar, Okkar leiðir, Sáttmálagerð – Allir starfsmenn
- Erindi frá Barnavernd Hafnarfjarðar – Allir starfsmenn
- Verndari barna, námskeið á vegum Barnaheill – Allir starfsmenn
- Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna – Allir starfsmenn
- Hljóm námskeið – Tveir deildarstjórar
- Önnur fræðsla, Kraganámskeið
- Lubbi finnur málbein - Allir starfsmenn
- Vináttuverkefni – Barnaheill – Allir starfsmenn
- Námsferð – Allir starfsmenn ☺

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 81
- Kynjahlutfall: 46 drengir og 35 stúlkur
- Dvalarstundir: 766.25
- Deildargildi: 3.99
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki: Alls tíu börn
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 40 börn
- Fjöldi barna með fæðuofnæmi og/óþol: Tíu börn
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 13 talsins
- Fjöldi tungumála: Átta
- Þjóðerni forsjáraðila: Ísland, Enska, Pólland, Níger-Kordofanian, Rúmenía, Serbókratía og Ungverska.

### 5.2 Foreldrasamvinna

Þrjú fulltrúar foreldra skipa foreldraráð leikskólans. Kosið var í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september 2022.

Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Hlutverk foreldraráðs er:

Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Sex foreldra sátu í stjórn foreldrafélagsins. Haldnir voru tveir foreldrafundir á skólaárinu, einn á haustönn og annar á vorönn og var gríðarlega vel sótt á þessa fundi hjá okkur. Félagið í samvinnu við leikskólann hélt sumaráhátíð, greiddi fyrir jólaleiksyningu, keypti bækur sem jólasveinninn gaf börnunum á jólaballinu og gjafir fyrir útskriftarbörn. Foreldrafélagið keypti að ósk leikskólans Ferilmöppur fyrir öll börnin til að halda utan um ýmis verkefni barnanna.

Foreldraviðtöl voru haldin í mars og apríl og gengu ágætlega. Helstu niðurstöður þeirra samtala voru að mikil vöntun hafi verið á upplýsingum til foreldra á innra starfi leikskólans. Karelle appið lék okkur grátt af og til í vetur en það ýmist lá niðri og/eða að skráningar og skilaboð bárust seint og illa.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Áætlað er að halda áfram með innleiðingu á Saman í takt og ætla stjórnendur að funda reglulega yfir veturinn. Tónmenntakennari grunnskólans verður áfram með tónlistakennslu í leikskólanum

og er okkar von að það verði aukið enn frekar á samsöng og fleiri verkefni á milli skólastiga. Til að mynda er enn mikill áhugi á að stofna kór fyrir elstu börn leikskólans og þau börn í 1.bekk grunnskólans sem hafa áhuga á. Valfag unglingastigsins í leikskólanum stendur áfram til boða og eins er vilji til að heimastofur leikskólans geti eignast vinabekki í grunnskólanum sem hittast reglulega yfir veturinn. Ekki er útséð með hve mikið leikskólinn getur nýtt sér íþróttahús grunnskólans þar sem nemendum skólans fjölga næsta vetur en leikskólabörnin ætla að fara að taka þátt í mílunni. Leikskólastjórnendur munu hvetja starfsmenn til að nýta sér kaffistofu, íþróttahús og bókasafn grunnskólans.

#### 5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar Skarðshlíðarleikskóla:

- 22. september
- 12. janúar

Sameiginlegir skipulagsdagar leik- og grunnskóla:

- 13. nóvember
- 26. febrúar
- 10. maí

Skertir dagar í Skarðshlíðarleikskóla

- 18. október - lokaður á milli kl. 08:00 – 10:00
- 8. apríl - lokaður á milli kl. 08:00 – 10:00
- 8. maí – skertur fyrri partur – lokað frá kl. 12:30 – 14:30
- 8. maí – skertur seinni partur – lokað frá kl. 14:30 – 16:30

#### 5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við:
  - slysum
  - áföllum
  - heimsfaraldri
  - Annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
  - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)



- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

### **Fylgirit**

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði  
01.07.2023

---

Leikskólastjóri